

Fréttabréf foreldraráðs FG



FRÓÐLEIKSMÓLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

1. tölublað, 2. árgangur

Febrúar 2012

FG tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli

Foreldraráð FG vill hvetja forráðamenn nemenda til að kynna sér verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli“. **Upplýsingar má m.a. finna á [heimasíðu](#) fyrrum Lýðheilsustöðvar.**

FG er þátttakandi í verkefninu og var því formlega ýtt úr vör í skólanum í janúar nýliðnum. Til mikils er að vinna með bætri líðan ungmennanna okkar á þeirra „vinnustað“ og getur áhugi foreldra skipt þar sköpum. Framhaldsskólaárin eru öllu jöfnu fjögur og mikilvægt að skólabragurinn stuðli að vellíðan nemenda jafnt sem starfsfólks.

Í vetur er í verkefninu tekið fyrir fyrsta viðfangsefnið -

NÆRING

Um tengsl næringu og frammistöðu í námi þarf ekki að fjölyrða. Skólastjórnendur hafa þegar lagt lóð á vogaskálarnar í að bæta aðgang nemenda og starfsfólks að skynsamlegri mat og drykkjum og má í því samhengi benda á eftirfarandi:

- Sett hefur verið upp vatnsvél miðsvæðis í skólanum og vatnsbrúsum dreift til nemenda

- Keypt var öflug vél til að útbúa hristinga (boozt/smoothies)

- Mötuneytisstarfskonur fóru á hristingnámskeið hjá Lifandi markaði

- Gosdrykkir eru ekki lengur til sölu í skólanum

- Sælgæti er ekki lengur til sölu í skólanum

- Orkudrykkir eru ekki lengur til sölu í skólanum

Tillögur og ábendingar eru vel þegnar á netfangið: foreldrafelag@fg.is

Stýrihópur skipaður fulltrúum kennara, nemenda, foreldra og skólastjórnenda hefur leitt verkefnið innan FG. Meðal annars stendur hópurinn fyrir uppskriftasamkeppni — sjá nánar hér fyrir neðan.

STUÐLUM SAMAN AÐ FYRIRMYNDARSAMFÉLAGI Í FG

Margrét Sigurðardóttir

Fulltrúi foreldraráðs FG í stýrihópi um heilsueflandi framhaldsskóla

Fréttakorn

Ákveðið hefur verið að taka upp inntökupróf í Hagfræðideild HÍ næsta haust

Í skoðun er að taka upp inntökupróf í fleiri deildum 2013

Endurskoðun á verklagsreglum við inntöku í framhaldsskóla er í gangi hjá ráðuneytinu

Efni fréttabréfs:

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI	1
UPPSKRIFTASAMKEPPNI	1
TILLÖGUR FRÁ FORELDRUM	2
NÝJUNG - FULLTRÚI FORELDRA Í SKÓLARÁÐI	2
SAMSTARF VIÐ NEMENDUR	2
FYRIRHUGAÐ MÁLPING	2
MARKMIÐ FORELDRARÁÐS	2

Uppskriftasamkeppni - skilafrestur er að renna út!

Nú stendur yfir hugmynda-vinna um hvernig bæta megi framboð hollari máltíða í mötuneyti. Líður í þeirri vinnu var að efna til uppskrifta-og hugmyndasamkeppni.

Nú gefst foreldrum jafnt sem nemendum kostur á að hafa áhrif á úrvalið og senda inn uppskriftir eða hugmyndir að réttum eða drykkjum sem

þjóða megi til sölu í mötuneyti.

Þátttökublað má finna á heimasisíðu skólans: www.fg.is, neðarlega hægra megin, með því að velja mynd eins og þá hér er til hægri. Eða smella [hér](#) :)

VERÐLAUN Í BOÐI!



Ath. skilafrestur í uppskriftasamkeppni er 15. febrúar n.k.



Ábyrgðarmaður fréttabréfs: Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@gmail.com)

FRÓÐLEIKSMOLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

Tillögur frá foreldrum

Foreldraráð kallar eftir tillögum frá forráðamönnum um fyrirtæki sem mögulega vilja gera samning við framhaldsskóla. Þá er sérstaklega leitað eftir fyrirtækjum á sviðunum fjórum sem tengjast viðfangsefnum verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli- NÆRING – HREYFING – GEDRÆKT – LÍFSSTÍLL.

Samningar gætu falið í sér t.d. tilboð eða afslætti sem hvetja til kaupa á vöru eða þjónustu sem stuðlar að heilsueflingu. Sem dæmi má nefna íþróttaklúbba, líkamsræktarstöðvar, matvöruverslanir, matsölustaði og útivistarfélög.

Hafa má samband við Margréti í netfang margretsig@live.com vegna þessa.

Nýjung—foreldrar eiga nú áheyrnarfulltrúa í skólaráði!

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 starfa við framhaldsskóla tvær nefndir, annarsvegar skólanefnd og hinsvegar skólaráð. Lögin kveða á um að foreldrar skulu eiga fulltrúa í skólanefnd, en hinsvegar hafa foreldrar ekki lögbundinn rétt á að eiga fulltrúa í skólaráði. Meðal þess sem skólanefnd gerir er að marka skólastefnu og staðfesta skólanámskrá. Skólaráð hinsvegar er skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar varðandi stjórnun skóla, og skv. reglugerð sitja þar fulltrúar kennara og nemenda. Kristinn skólameistari hefur samþykkt að fulltrúi foreldra fái að sitja fundi skólaráðs FG sem áheyrnarfulltrúi. Með því móti fær stjórn foreldraráðs betri innsýn í dagleg störf skólans og er það vel.

Fundargerðir skólaráðs og skólanefndar má finna [hér](#).

Fulltrúi foreldra í skólaráði er Ásta Ólafsdóttir.

Fulltrúi foreldra í skólanefnd er Sigríður Einarsdóttir.

Foreldrar eru hvattir til að senda ábendingar um störf foreldraráðs til Kolbrúnar, formanns ráðsins: kolbrunp@gmail.com eða á foreldrafelag@fg.is

Samstarf við nemendur

Fulltrúar nemenda komu á fund foreldraráðs þriðjudaginn 24. janúar sl. Þar voru rædd ýmis mál sem snúa að skólastarfinu og félagsstarfi nemenda. Fundurinn var liður í því að efla samstarf foreldraráðs og nemenda. Foreldraráð telur mikilvægt að hlusta vel á raddir nemenda, enda dvelja þeir flestir a.m.k. 6-7 klst. daglega innan veggja skólans. Hagsmunir foreldra og nemenda liggja sem betur fer oftast saman, og kom það vel í ljós á fundinum. Meðal annars var rætt um samstarf við skóla, um skólaandann og félagsstarf, um busanir og bjórkvöld.

Fyrirhugað málþing í apríl /maí 2012

Á fundi stjórnar með nemendum var rætt um leiðir til að standa að sameiginlegum viðburðum þar sem nemendur, foreldrar og kennarar myndu koma saman. Frá nemendum kom fram hugmynd um að skipulagt yrði menntamálaþing, þar sem ýmis málefni sem snúa að námi og menntun yrðu rædd í umræðuhópum. Vinnan gæti verið liður í stefnumótunarstarfi skólans, sé vel að verki staðið. Dagsetning og nánari upplýsingar verða sendar út um leið og þær liggja fyrir.

Fundargerðir foreldraráðs má finna [hér](#).

Hver eru markmið foreldraráðsins?

Markmið foreldrafélagsins eru að:

- standa vörð um réttindi nemenda til mennta og styðja við starf skólans.
- efla samstarf meðal forráðamanna sem og samstarf við starfsfólk skólans.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

(Sjá [lög](#) félagsins)